

Kópavogsbæjar, með hliðsjón af lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Jafnframt innheimtir stofnunarinnar skólagjöld af nemendum skólans til að standa að öðru leyti undir kostnaði af rekstri hans, ásamt öðrum tekjum sem skólanum kunna að áskotnast.

8. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal valinn af stjórn skólans til eins árs í senn. Starfsár og reikningsár er frá 1. ágúst til 31. júlí.

9. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu og breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar Tónlistarskóli Kópavogs skal tekin af stjórn hennar. Þarf atkvæði minnst fjögurra stjórnarmanna til að ákvörðun um niðurlagningu sé gild. Verði stofnunarinnar lögð niður renna eignir hennar til Tónlistarhúss Kópavogs eftir að skuldir hafa verið greiddar.

Samþykktir um breytingar á skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar og um niðurlagningu hennar, svo og um veðsetningu eða sölu á fasteignum, skal bera undir dómsmálaráðherra í samræmi við lög nr. 19/1988.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað samnefndrar skipulagsskrár, sem staðfest var 19. september 2001, nr. 732 í B-deild Stjórnartíðinda 2001.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 21. maí 2002.

F. h. r.

Hjalti Zophoníasson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Flatahverfis, Akranesi.

1. Kласi 1 og 2.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. mars 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 1 og 2 á Akranesi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan tekur til er um 5,7 ha að flatarmáli og afmarkast af deiliskipulagi Þjóðbrautar í vestur, deiliskipulagi Flatahverfis klasa 5 og 6 í norður, klasa 3 í austur og götunum Innnesvegi og Garðagrund í suður.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 28. janúar til og með 25. febrúar 2002. Athugasemdafrestur var til 11. mars 2002.

Athugasemdir bárust varðandi staðsetningu á gróðri og leiktækjum. Samþykkt var að taka tillit til framkominna athugasemda.

Framangreint deiliskipulag klasa 1 og 2 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

2. *Klasi 7 og 8.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness þann 26. mars 2002 var samþykkt tillaga að deiliskipulagi Flatahverfis klasa 7 og 8 á Akranesi.

Svæðið sem deiliskipulagstillagan tekur til er um 2,7 ha að flatarmáli og afmarkast af deiliskipulagi Flatahverfis klasa 3 í suðvestur, klasa 9 í suðaustur, klasa 11-12 í norðaustur og klasa 6 í norðvestur í Flatahverfi.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 1. og 2. mgr. 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með 28. janúar til og með 25. febrúar 2002. Athugasemdafrestur var til 11. mars 2002.

Athugasemdir bárust varðandi staðsetningu á gróðri og leiktækjum. Samþykkt var að taka tillit til framkominna athugasemda.

Framangreint deiliskipulag klasa 7 og 8 í Flatahverfi, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 15. maí 2002.

Skúli Lýðsson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.